

Reykjavík 18.12.2023

## Athugasemdir við Drög að aðgerðaáætlun um íslenska tungu frá Miðju máls og læsis

Drög að aðgerðaráætlun um íslenska tungu virðast slitin úr samhengi við *Málstefnu Íslands 2021-2030*, sem afgreidd var á fundi Íslenskrar málnefndar 2021. Málstefna Íslands 2021-2030 er ítarleg samantekt á stöðu íslenskrar tungu og þar er að finna skýrar og greinagóðar tillögur um hvernig stuðla skuli að jákvæðum viðhorfum til málrættar á öllum sviðum samfélagsins. Alþingi hefur enn ekki samþykkt *Málstefnu Íslands 2021-2030* og því virðist sem opinber málstefna Íslands sé *Íslenska til alls* frá 2008. Sbr. <https://islenskan.is/malstefna/>

Miðja máls og læsis hvetur eindregið til þess að Alþingi taki efnislega afstöðu til *Málstefnu Íslands 2021-2030* og taki þar með af allan vafa um hver opinber málstefna landsins sé og að hvaða markmiðum beri að stefna. Sú aðgerð myndi styrkja stöðu íslenskrar tungu.

Drögin fela í sér þá grunnhugmynd að innflytjendur eigi eingöngu að læra íslensku á sérstökum námskeiðum í stað þess að ávarpa jafnframt hvernig íslenska eru notuð og henni beitt í samfélaginu. Tungumálanám gerist ekki í tómi og árangur næst ekki nema allt samfélagið taki þátt, s.s. vinnuveitendur, þjónustuveitendur og allir málhafar íslensku. Námskeið eru mikilvæg og gæðanámskeið hjálpa mikið. Það verður engu að síður að ráðast að rót vandans og tryggja að öll fái aðgengi að íslensku og fjölbreytt tækifæri til þess að æfa sig á öllum sviðum samfélagsins. Sú aðgerð krefst þess að málhafar á íslensku verji tíma í að bjóða tungumálið til eignar og afnota. Samfélagið er lykillinn að tungumálinu og stærsta áskorun íslenskrar tungu eru viðhorf samfélagsins til íslensku og hugmyndir um hverjir eigi íslensku og/eða megi tjá sig á íslensku og ekki síst hvernig fólk megi tjá sig á íslensku. Í aðgerðaráætlunina vantar áætlun um hvernig standa eigi að viðhorfsbreytingum gagnvart notkun tungumálsins í samfélaginu.

Samfélagið þarf að gera upp við sig hvað þarf til þess að fólk teljist vera Íslendingar. Hugmyndir um að börn geti fæðst á Íslandi og lært íslensku sem annað tungumál alla ævi fela í sér útskúfun og útilokun vegna uppruna. Þessu verður að snúa. Öll eiga rétt á íslensku og öll sem heyra, nota og læra íslensku – eiga íslensku sem sitt tungumál. Að gefnu tilefni er rétt að benda á að 16. grein *Laga um grunnskóla* þarfnast endurskoðunar svo gert sé ráð fyrir að allir málnotendur íslensku eigi sannarlega íslensku.

Mikilvægi þess að huga að íslenskukennslu barna og ungmenna er ávarpað í inngangi að greinagerð aðgerðaráætlunarinnar. Við tökum undir þær áhyggjur en það skortir fjölbreyttar aðgerðir í áætlunina sem ávarpa það verkefni að afhenda nýjum kynslóðum íslenskuna.

Athygli vekur að engar aðgerðir eru tilgreindar fyrir ungmenni á aldrinum 18-24 ára sem og ungmenni á fræðsluskyldualdri, 16-18 ára. Öll ungmenni á fræðsluskyldualdri eiga rétt á skólavist við hæfi óháð íslenskukunnáttu. Sífellt fleiri dæmi eru um að börn á fræðsluskyldualdri fái ekki nám í íslensku sem öðru tungumáli á framhaldsskólastigi, plássin eru of fá. Allir framhaldsskólar þurfa að líta á það sem sitt verkefni að kenna íslensku sem annað tungumál og gera ráð fyrir nýkomnum nemendum með algilda hönnun menntunar að leiðarljósi.

Athygli vekur að börn á leikskólaaldri eru ekki nefnd í áætluninni. Mikilvægt er að ávarpa hvernig börn í leikskólum ná tökum á íslensku.

Við söknum þess að engar aðgerðir fjalla um skipulagt frístundastarf barna og ungmenna s.s. íþróttir, listir eða aðrar tómstundir barna. Það er mikilvægt að huga að hlutverki íslenskunnar innan áhugasviða barna og ungmenna. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig hægt er að styðja félög og félagasambönd til að móta sér málstefnu og fylgja henni eftir.

## 1. Starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu

Varasamt er að vænta mikils árangurs af hagnýtum námskeiðum án þess að hugað sé að viðhorfum, málnotkun og hvernig stutt er við íslenskunám starfsfólks á starfsstöðunum sjálfum í daglegu starfi. Mestur árangur næst í samtali og samskiptum þegar öll taka þátt.

Hagnýt námskeið geta verið starfstengd en einnig mætti tengja þau við virka þátttöku í samfélaginu og huga sérstaklega að valdeflingu svo innflytjendur séu ekki háðir öðrum til að afla sér upplýsinga, sama hvort það eru túlkar eða vinnuveitendur.

Á sumum vinnustöðum s.s. í skóla-, velferðar- og heilbrigðisþjónustu er flókið að senda starfsfólk á hagnýt námskeið á vinnutíma sökum þess hve mönnun er takmörkuð. Þetta á sérstaklega við á smærri vinnustöðum s.s. leikskólum með fáar deildir. Mikilvægt er að öll sitji við sama borð og raunverulegt aðgengi að námskeiðum útiloki enga hópa samfélagsins.

## 2. Bætt gæði íslenskukennslu fyrir innflytjendur

Það er hagsmunamál fyrir allt samfélagið að innflytjendur hafi aðgengi að íslensku, bæði í fullu námi sem og á námskeiðum. Áhuga á gæðakennslu ber að fagna en vottunarkerfi eitt og sér tryggir ekki aðgengi að íslensku málumhverfi. Gæðakennsla tryggir ekki að öll bjóði þér íslensku þegar þú ert að tileinka þér íslenskt mál. Því stýra viðhorf samfélagsins og hugmyndir um gagnsemi íslensku.

Skv. Grænbók í málefnum innflytjenda hefur Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna bent á að flóttafólk á Íslandi kvarti ítrekað undan því að íslenska sé oft kennd á öðru tungumáli, t.d. ensku. Það endurspeglar neikvæð viðhorf til íslensku og gagnsemi hennar auk þess að gera fjölmörgum erfitt fyrir að nýta sér íslenskukennslu. Enskukunnátta má ekki vera forsenda þess að læra íslensku.

Gæðakennsla í íslensku getur ekki byggt á forkröfum í öðrum tungumálum og rétt er að benda á þá staðreynd að margir innflytjendur hafa litla færni í ensku.

Þó fagmennska og sérfræðipekking sé mikilvæg í kennslu íslensku sem annars tungumáls, þá er rík ástæða til þess að vara við þeirri hugmynd að aðeins sérstakir íslenskukennarar geti kennt íslensku. Við þurfum öll að taka þátt í verkefninu sem felst í því að afhenda íslensku til nýrra kynslóða og nýrra Íslendinga. Íslenskukennsla er sameiginlegt verkefni okkar allra.

## 3. Virkjun Samevrópska tungumálarammans

Huga þarf að kynningu á samevrópska tungumálarammanum þvert á öll skólastig. Langt er í árslok 2025 fyrir þau sem eru að læra íslensku núna. Flýta þarf þýðingu þessara prófa.

**4. Fjarnám í íslensku á BA-stigi** Aðgerðir sem fela í sér aukin jákvæð viðhorf til sköpunar á íslensku, rannsókna á íslensku og að íslenska sé gagnleg á öllum sviðum samfélagsins eru líklegri til þess að skila sér í aukinni ásókn í íslenskunám á háskólastigi. Íslenska er í samkeppni við öll önnur tungumál á alþjóðavettvangi og aðgerðir í þágu íslensku fela í sér að færa háskólanám smám saman yfir í fjarnám. Vert er að minna á að tungumálanám í fjarnámi hentar alls ekki öllum og að ásókn í nám í íslensku á háskólastigi ræðst að mestu af viðhorfi til tungumálsins og gagnsemi þess. Það er áhugavert að lesa

kennsluskra HÍ og velta fyrir sér hver eigi að kenna íslensku þegar námskeiðum sem kennd eru á íslensku fækkar í sífellu og klifað er á því að háskólinn þurfi að vera í samkeppni á alþjóðavettvangi

Staðnám í íslensku sem öðru tungumáli á BA stigi er samkvæmt mörgum innflytjendum besta íslenskunám sem völ er á. Gæðin felast í tímanum sem varið er í íslensku málumhverfi, þjálfuninni, samverunni og samtölunum, einmitt því að verja tíma sínum í að læra íslensku í fullu starfi. Útskrifaðir nemendur með BA-próf í íslensku sem öðru tungumáli eru framúrskarandi málnotendur. Vonandi felur aðgerðin ekki í sér að draga eigi úr fjárveitingu til staðnáms í íslensku eða staðnáms í íslensku sem öðru tungumáli.

## 5. Sameiginlegt fjarnám í íslensku sem öðru máli

Þetta er löngu tímabært og skoða þarf sérstaklega inntökuskilyrði í hagnýtt nám í íslensku sem öðru tungumáli í Háskóla Íslands. Þar er gerð krafa um enskukunnáttu, sem getur útilokað ákveðna hópa frá námi og er óskiljanleg krafa í tungumálanámi nú til dags. Tæknilausnir hafa útrýmt þörfinni fyrir millitungumál s.s. ensku í miðlun gagna. [Um íslensku sem annað mál | Háskóli Íslands \(hi.is\)](#)

## 6. Háskólabró fyrir innflytjendur

Mikilvægt er að hugað sé að virknihluta þessa náms fyrir ungmenni með innflytjenda- eða flóttabakgrunn sbr. [upplýsingar um ungmenni 16-24 ára utan náms og án atvinnu](#).

## 7. Viðhorf til íslensku

Óljóst er hverju þessi aðgerð á að skila þar sem ekki er útskýrt hvað á að gera við upplýsingarnar. Í tillögu um viðhorf til íslensku skortir áætlun um aðgerðir til þess að "snúa viðhorfum til málsins í jákvæðari átt" vegna þess að:

"Stjórnvöld verða fyrir áhrifum af almennum viðhorfum í samfélaginu og brýn þörf er á að almenn vitund skapist um að þetta skipti máli og sé spurning um sjálfsvirðingu".  
(Málstefna Íslands 2021-2030, bls. 16)

Upplýsingar og viðhorfskannanir eða rannsóknir eiga að vera sniðnar að allskonar málnotendum, t.d. skv. kafla 19.1 úr Aðalnámskrá grunnskóla:

"Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus. Íslenskt tákni er ekki síður en íslenska lykill að samfélaginu og virkri þátttöku í því."

Skýrar vísbendingar liggja nú þegar fyrir um viðhorf íslenskra ungmenna til íslensku. Líklega væri þessum fjármunum betur varið til þess að fjármagna rannsóknir fremur en viðhorfskannanir. Umdæmisvandi íslenskunnar er útskýrður í Málstefnu Íslands 2021-2030 (bls 12).

Full ástæða er til þess að vara þarf við þeirri hugmynd að íslenskukennsla sé sérverkefni skólakerfisins. Grunnskólanemendur verja aðeins um 20% vöku tímans í skólanum á ársgrundvelli (hafi þau fullkomna mætingu) og þó skólaumhverfið leiki mikilvægt hlutverk þá er umdæmisvandi íslensku samfélagslegur.

## 8. Mikilvægi lista og menningar

Athugasemd er gerð við orðalag greinagerðar um 8. aðgerð.

„...tjáning á móðurmáli er grundvöllur þess að skapandi hugsun sé komið á framfæri...“

Þessi setning stenst ekki skoðun. Margir tjá skapandi hugsun á öðrum tungumálum. Að tjá sig á tungumáli sem fólk hefur lært síðar á ævinni ber vott um hugrekki og reynslu, því ættu öll að leggja við hlustir og einmitt gera ráð fyrir tjáningu á fjölbreyttum tungumálum.

Orðið móðurmál er enn fremur gildishlaðið. Það er beintengt í tilfinningar og sjálfsmynd og varast þarf að ætla fólk móðurmál eða annað móðurmál en íslensku enda getur slíkt valdið því að fólk upplifir höfnun af hálfu samfélagsins. Mörg börn eiga foreldra sem tala sitthvort tungumálið og því varasamt að tala um annað sem mikilvægara en hitt. Skýrara er að okkar mati að tala um heimamál barns. Öll eiga íslensku og öll mega skapa og tjá sig á íslensku, breyta og bæta tungumálið eftir þörfum.

Nýjar kynslóðir verða að líta á íslensku sem sína eign. Því þarf að vinna markvisst gegn þeirri skaðlegu hugmynd að til sé eitthvað sem heitir rétt mál eða rangt mál. Hugmyndir um rétt mál og rangt mál fela í sér leyfi til þess að þagga niður í þeim sem tjá sig á *röngu máli*. Þöggun fjölbreyttrar íslensku er ekki líkleg til þess að vera í þágu íslenskrar tungu.

Tillagan verður að ávarpa að gert sé ráð fyrir fjölbreyttri íslensku í öllum listum og menningu og að hugað sé að aðgengi og fjölbreyttum tjáskiptum án þess að falla í þá gryfju að nota önnur tungumál í stað íslensku. Draga þarf athygli að sköpun á íslensku undir jákvæðum formerkjum samhliða því að draga þarf úr íslenskumánun á opinberum vettvangi.

Stuðningur við fjölbreytta útgáfu á öllum sviðum lista skiptir miklu máli. Hjá Miðju máls og læsis heyrum við ítrekað sögur nemenda af því að þau séu t.d. löngu búin að lesa allar bækurnar á þeirra áhugasviði sem hafa komið út á íslensku og nú lesi þau bara á erlendum tungumálum.

## 9. Aukin talsetning og textun á íslensku

Tekið er undir áhyggjur af ensku málareiti og áhrif þess á máltöku barna. Aukið aðgengi að gæðafeni sem talsett er á íslensku og/eða textað á íslensku er mikið réttindamál. Að gefnu tilefni viljum við benda á að töluvert af námsefni s.s. myndböndum í náttúrufræði sem Menntamálstofnun hefur keypt réttindi að eru hvorki talsett né textuð á íslensku sökum fjármagnsskorts.

Vert er að benda á að í kafla Málstefnu Íslands 2021-2030 um málrækt og viðhorf til íslensku (bls 12-16) er rætt um að efla þurfi bókmenntaarfinn en einnig les-, hljóð- og myndefni á netinu, sem og framleiðslu á afþreyingarefni á íslensku fyrir öll, en ekki einungis talsetningu og textun á íslensku.

Nauðsynlegt er að aðskilja aðgerðatillögu annarsvegar um talsetningu og textun á íslensku á ábyrgð Menningar- og viðskiptaráðuneytis, og hinsvegar aðgerðartillögu um fræðslu fyrir foreldra og fagfólk um máltökuskeið og málþroska barna á ábyrgð Mennta- og barnamálaráðuneytis. Báðar tillögur eru mikilvægar en farsælla væri að foreldrafræðsla yrði tilgreind sem sér aðgerð með það markmið að tryggja foreldrafræðslu og fræðslu fyrir fagfólk sem starfar með börnum. Þarfir barna breytast eftir því sem börn þroskast. Það á líka við um málþroska. Stéttir sem sinna ungbarnaeftirliti ásamt starfsfólki leik- og grunnskóla ættu að vera sérstaklega nefnd sem samstarfsaðilar í þeirri aðskildu aðgerð ásamt þeim aðilum sem hafa annast svipaða ráðgjöf með góðum árangri svo sem Miðja máls og læsis.

## 10. Íslenskugátt

Vert er að minna á að tryggja þarf viðhald íslenskugáttarinnar með viðeigandi fjármagni þegar hún verður tilbúin.

## 11. Öflug skólasöfn

Skólasöfn eru í einstakri aðstöðu til að kveikja áhuga nemenda á lestri fjölbreyttra texta. Mikilvægt er að safnkostur endurspegli fjölbreytta menningu, sjálfsmyndir, væntingar og áhugamál margbreytilegs nemendahóps.

Nauðsynlegt er að þessi vinna fari fram í samstarfi við notendur safnanna, nemendur skólanna.

## 12. Vefgátt fyrir rafræn námsgögn

Engin athugasemd

## 13. Samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu

Athugasemd er gerð við orðalagið „Skólasamfélagið er kjörinn vettvangur inngildingar...“ Skólastarf er vissulega kjörinn vettvangur en það er ekkert val. Börn og fjölskyldur þeirra eiga rétt á því að tilheyra sem virkir þátttakendur í skólastarfi. Betra orðalag væri „Skólasamfélagið er vettvangur inngildingar...“

Í greinargerð er óljóst hvaða stöðumat eigi að þróa og vinna að.

Gerð er athugasemd við orðalagið fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í samhengi við móttöku. Þó hugtakið sé gott og nái yfir stóran hóp nemenda án aðgreiningar er mikilvægt að greina á milli þarfa ólíkra hópa. Óskað er eftir því að nota orðalagið *börn sem eru ný á Íslandi* þar sem börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn eru fjölbreyttur hópur og mörg þeirra læra ekki íslensku sem annað tungumál. Dæmi um það eru börn forsetahjónanna.

Mikilvægt er að til sé samræmt verklag um móttöku, kennslu og þjónustu við börn sem eru ný á Íslandi þar sem sérstök áhersla verði lögð á íslensku sem annað tungumál svo öll fái aðgang að tungumálinu sem er notað í öllum kerfum. Varað er við því að þeir sem sinna þjónustu noti önnur tungumál í stað íslensku. Önnur tungumál geta vissulega stutt við íslensku en íslenskan þarf alltaf að vera í forgrunni, sýnileg og aðgengileg, alltaf í boði en aldrei þröngvað upp á fólk.

Mikilvægt er að minna á þá staðreynd að íslenska sem annað tungumál er sérnámsgrein í grunnskóla. Samkvæmt nýjum köflum í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2021 er námsgreinin ætluð börnum sem eru ný á Íslandi og gert er ráð fyrir að öll ljúki námi í íslensku sem öðru tungumáli á 2-4 árum eftir komu inn í íslenskt málsamfélag, eftir það læra börnin íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum með þeim stuðningi sem þarf. Uppfæra þarf 16. grein Laga um grunnskóla svo samhljómur sé á milli uppfærðrar Aðalnámskrár frá 2021 og laganna frá 2008 svo lögin stuðli að inngildingu.

Í samfélaginu eru uppi flókin aðgreinandi viðhorf um að móðurmál foreldra erfist og að börn sem heyra og nota íslensku aðeins utan heimilis eigi íslensku sem annað tungumál. Þessi viðhorf viðhalda hugmyndum um að börn innflytjenda eigi ekki íslensku og stuðla að skorti á væntingum fagfólks. Þessar hugmyndir vinna því beint gegn inngildingu í skólakerfinu. Auk samræmds verklags er nauðsynlegt að samræma hugtakanotkun og tryggja þekkingu í öllum kerfum um máltöku fjöltyngdra barna.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og fræðsluskrifstofur um allt land ættu að vera á lista yfir samstarfsaðila.

#### **14. Efling íslenskuhæfni starfsfólks í leik- og grunnskólum og frístundastarfi**

Þetta er mikilvæg aðgerð en huga þarf að viðhorfum og málnotkun allra á vinnustöðum ásamt því hvernig stutt er við íslenskunám starfsfólks í gegnum daglegt starf. Mestur árangur næst í samtali og samskiptum þegar öll taka þátt og gert er ráð fyrir öllum málnotendum á íslensku.

Huga þarf að viðhorfum samfélagsins gagnvart mikilvægi starfa með börnum. Varast skal að normalísera þá hugmynd að það sé ásættanlegt að starfsfólk án íslenskufærni sinni menntun og málþroska barna á viðkvæmum mótunarárum á leikskólaaldri.

Reynsla Reykjavíkurborgar er að þrátt fyrir aðgengi að námskeiðum hefur reynst flókið að senda starfsfólk á hagnýt námskeið á vinnutíma sökum þess hve mönnun er takmörkuð.

#### **15. Samþætting íslensku og erlendra móðurmála á fagtengdum grunnnámskeiðum starfsfólks í heilbrigðis-, félags- og umönnunargreinum**

Þessi aðgerð gæti haft veruleg áhrif og mætti útfæra á enn fleiri starfsstéttir. Helsti veikleiki þessarar aðgerðar er að útfærsla gæti orðið sú að námskeið verði kennd á ensku þegar ekki fæst kennari sem uppfyllir hæfnikröfur eða næg þátttaka á tilteknu tungumáli næst ekki. Aðgerð þessi mun ekki þjóna inngildandi tilgangi sínum ef námskeið af þessu tagi eru eingöngu kennd á ensku.

#### **16. Framtíð máltækni**

Engin athugasemd.

#### **17. Íslenska handa öllum**

Hér er aðgerðartillaga enn og aftur um íslenskunámskeið fyrir fullorðna innflytjendur eins og í 4., 5., og 6. aðgerð. Það sem vantar í drög að aðgerðaáætlun er tillaga um að viðurkenna innflytjendur sem íslenska málnotendur og að hvetja samfélagið til þess að nota íslensku sem megin samskiptamál allra íbúa landsins. Mikilvægt er að hafa í huga viðhorf samfélagsins til tungumálsins og hvernig megi stuðla að því að sjálfsagt þyki að hafa íslensku i öndvegi.

Það vantar hér aðgerðartillögu um að allir vinnustaðir í almannþjónustu setji sér málstefnu og framfylgi henni eins og lagt er til í Málstefnu Íslands 2021-2030.

#### **18. Íslenska er sjálfsagt mál**

Þessi aðgerð kallar á að allur vafi sé tekinn af því hver gildandi opinber málstefna Íslands er.

MML leggur til að beina rannsóknum á umdæmisvanda að þeim viðhorfum sem birtast á opinberum vettvangi og í almannarýmum og móta aðgerðir til að sporna við því að áhrifamiklir aðilar í samfélaginu s.s. íþróttasambönd sniðgangi íslensku í þágu erlendrar markaðssetningar. Margar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki þurfa fræðslu, aðhald og stuðning til þess að styðja við jákvæð viðhorf til íslensku.

#### **19. Starfsþróun og hæfni þeirra sem kenna íslensku sem annað mál**

Þessi aðgerð tengist aðgerð 2 um gæði íslenskunáms, sjá athugasemdir MML við þann lið. Starfsþróun er háð því að búið sé að skilgreina hvað gæðakennsla í íslensku feli í sér.

Virðingafyllst,

Ráðgjafar Miðju máls og læsis